

# GREINARGERÐ

## INNGANGUR

Á lóðinni Hryggjarási 25 verður byggt tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu

Helstu stærðir og nýtingarhlutfall:

1.hæð				
Íbúðarheiti	Flatarmál m2	Lóðarst.m2	Nýtingarhl.	Rúmmál m3
Hryggjarás 25	295,6m2	635,2m2	0,46	956,5m3

Hönnuður skv. teikningaramma er hönnuður frárennslis-, neysluvatns-, og hitalagna framangreinds mannvirkis.

## FORSENDUR

Frárennslis Staðsetning frárennslislagna skal vera eins og sýnt er á uppdráttum.

Þar sem frárennslislagnir liggja um loft eða í veggjum skal einangra lagnir með vafinni stein- eða glerull og vefja með plasti.

Efni í frárennslislagnum skal vera eins og lýst er á uppdráttum og almennri lýsingu.

Þar sem þörf er á eldvörnum lagna er það skilgreint sérstaklega en annars skulu eldvarnir vera í samræmi við skilgreiningar aðalhönnuðar og/eða brunahönnuðar.

Þar sem halli lagna er meiri en 30% skulu lagnir vera útbúnar með loftun um sogloka. Soglokar skulu vera í frostfríu umhverfi. Ganga þarf frá einum fallstamma á hverju kerfi án sogloka til að tryggja öndun ef sogloki bilar.

Gólfniðurföll skulu staðsett skv. lagnauppdráttum og skulu a.m.k. vera jafn mörg og skilgreind eru af aðalhönnuði. Gólfniðurföll skulu vera með vatnslás og þannig staðsett að auðvelt sé að komast að þeim til hreinsunar.

Ekki er gert ráð fyrir að frá byggingunni berist skaðleg efni í frárennsliskerfið. Verði á því breyting skal koma fyrir hreinsunarbúnaði í samræmi við gr 14.6.4 í byggingarreglugerð.

Afall vatns til upphitar skal leiða í regnvatnslagnir nema annað sé sérstaklega tilgreint af eiganda veitukerfis.

Innra eftirlit hönnuðar er skv. gæðastjórnarkerfi sem samþykkt er af mannvirkjastofnun skv. 24. gr, 31. gr. og 32. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010

Byggingin telst vera í flokki CC2 skv. Annex B í ÍST EN 1990 og er því innra eftirlit hönnuðar skv. gæðastjórnarkerfi fullnægjandi.

Neysluvatnslagnir Neysluvatnskerfi skal vera skv. uppdráttum og skv. lýsingu um neysluvatnslagnir

Neysluvatnskerfi er hannað með það í huga að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda og skulu eftirfarandi kröfur úr gr. 14.5.10 í byggingarreglugerð uppfylltar.

- Hitastig vatns við töppunarstaði í böðum skal ekki vera það hátt að hætt sé á húðbruna.
- Hitastig vatns við þá töppunarstaði, sem gestir, almenningur, vistmenn og börn hafa aðgang að, skal ekki fara yfir 43°C í skólum, fristundaheimilum, sundlaugum, sjúkrahúsum, dvalarheimilum, opinberum baðstöðum, hótélum og samsvarandi stöðum.
- Hitastig vatns við töppunarstaði, sem börn geta komist að, skal ekki fara yfir 38°C á leikskólum.
- Tekið skal tillit til hættu á hermannaþveiki vegna lækunar vatnshita og vegna upphitar á köldu vatni í leiðslum.

Annar stjórn og öryggisbúnaður skal vera skv. uppdráttum og lýsingu sem miðar við notkun kerfisins Hraða vatns í lögnum og festingum lagna er þannig hannað að þær uppfylli kröfur til hjóðvistar. Eldvarnir lagna eru skv. kröfum úr brunahönnun aðalhönnuðar/brunahönnuðar. Frágangur lagna, einangrun, rakavörn og staðsetning skulu vera skv. uppdráttum og skýringum fyrir neysluvatnskerfi.

Hitalagnir Frágangur skv. skýringum fyrir gólfhitalagnir. Fyrirhugað hitastig er skv. aðalhönnun ≥18°C Útihiti reiknaður -15°C

Við hönnun á hitalögnum og aflþörf þeirra er gert ráð fyrir hitafalli og frágangur allur skv. brunahönnun og kröfum um hjóðvist skv. aðalhönnuði

Stjórn og öryggisbúnaður hitakerfa skal vera eins og sýndur er á kerfismynd tengigrinda og/eða annara víðeigandi uppdráttá.

Undir hitalagnir er einangrun til að draga úr hitaleiðni úr eignahlutanum og tryggja betri nýtingu. Frágangur hitalagna skv. lýsingu um gólfhitalagnir auk frekari skýringa á uppdráttum sé þess þörf.

## SKÝRINGAR FYRIR FRÁVEITULAGNIR

### SKOLPLÖGN UTANHÚSS OG Í GRUNNI

Skolplögn og regnvatnslögn skulu vera ø100 PVC eða PEH frárennslispípur settar saman með gúmmíþéttingum eða PEH lagnir soðnar saman.

Fallpípur frá þakniðurföllum liggja utan á húsinu og eru gerðar úr áli sem settar eru saman með múffutengjum.

Beygjur 90° skal gera úr tveimur 45° beygjum.

Undir pípur kemur 150 mm jöfnunarlag úr sandi sem þjappast vandlega. Hæð jöfnunarlagsins skal hæfa belg röranna og skal taka úr fyrir múffum eftir þjöppun þess.

Pípur skulu liggja beinar á milli brotpunkta.

Eftir að pípur hafa verið lagðar skal fylla yfir og út fyrir þær með sandi a.m.k. 200 mm.

Frágangur og fylling að pípum skal vera í samræmi við íslenskan staðal um frágang á plastpípum í jörð (sjá ÍST 65). Pípur skal leggja þannig að þær hvíli á belgnum en ekki á múffum.

Uppgefnir hæðakótar eru rennsliskótar.

### FRÁVEITULAGNIR INNANHÚSS

Fráveitulagnir innanhúss eru úr PP plaströrum.

Allar beygjur og greiningar skulu gerðar með víðeigandi tengistykkjum.

Allar pípur í innveggjum og láréttum stokkum skal einangra með ádragshólkum.

Efni og vinna skal vera í samræmi við reglugerðir.

## NEYSLUVATNSLAGNIR

Pípur skulu vottaðar til notkunar fyrir heitt og kalt neysluvatn.

Pípur skulu þola a.m.k. 1000 kPa við 70°C miðað við stöðugt álag í 50 ár.

Öllum endum skal loka til bráðabirgða með þéttum lokum. Frágangur lagna skal vera í samráði við gildandi staðla, reglugerðir og leiðbeiningar RB.

Vatnslagnir skulu þrýstireyndar með köldu vatni, sem skal standa í 24 tíma, prófað í þrepum, samkvæmt leiðbeiningum um prófun plastlagna.

Lagnir að tækjum eru rör í rör kerfi, álplastlagnir eða plastlagnir með súrefnishimnu.

Allt efni og frágangur kerfisins sé í samræmi við ákævði ÍST-67 og gildandi reglugerðir

Allar huldar leiðslur, ofan gólfplötu skulu vera einangraðar. Einangrun skal vera rakaheld.

Heitar neysluvatnslagnir eru lagðar í steipta grunnplötu ofan einangrunar en lagnir fyrir kalt vatn skulu liggja undir einangrun gólfplötu.

## GÓLFHITALAGNIR

Gólfhitalagnir eru úr 16mm hitaþolnum plastpípum með súrefnishimnu sem lagðar eru í grunnplötu. Pípur skulu festar vel niður og með réttu millibili.

Pípur skulu þola a.m.k. 1000 kPa við 70°C miðað við stöðugt álag í 50 ár.

Tengistykki skulu vera af viðurkenndri gerð með styrktarhólk í enda pípu.

Hitalögn er lögð í steipta grunnplötu og skal liggja undir bendingu sem er í miðri plötu.

Lagnir í gólfum skulu vera án samsetninga

## TÁKN

- Kúluloki
- Einstreymisloki
- Tæming
- Þrívægisloki
- Dæla
- Hitanemi
- Hitamælir
- Þrýstimælir
- Strengloki
- Stílliloki
- Renniloki
- Einstreymisloki

- Pensluker
- Öryggisloki
- AVTQ reglir
- AVTQ loki
- Mismuna þrýstijafnari

- Sia
- Mælur


- Millihitari
- Stjórnstöð
- Brunaslanga

UNDIRRITUN HÖNNUNARSTJÓRA  
Jónas Halþór Jónsson kt. 070380-5019

## SKÝRINGAR

- Skólplögn
- Jarðvatnslögn
- Ídráttarrör
- Kalt vatn
- Heitt vatn
- Gólfhitalögn
- Kaldur krani
- Heitur krani
- Brunnar á lögn

- HL Handlaug
- VS Vatnssalerni
- RV Ræstivaskur
- SB Sturta
- EV Eldhúsvaskur
- GSN Gegnumstreymisniðurfall DN 40 / DN 50
- UP Uppþvottavél
- ÞV Þvottavél
- BK Baðkar
- K Krani
- HS Hreinsistútur



	ÚTG DAGS	SKÝRINGAR	TEIK HANN RÝNT SAMP	HRYGGJARÁS 25, HAFNARFIRÐI ÍBÚÐARHÚS LAGNIR Almennar skýringar
	A 2024-05-16	VERKTEIKNING	EAH GÞB JHJ GÞB	
verkrad@verkrad.is	SAMÞYKKT:	Guðmundur Þ. Bergsson	060288-2599	VERKNR.01-221-001 TEIKNING L00.01 A